

Mánudaginn 28. september 1953.

Kærumálið nr. 12/1953.

Bjólfur h/f

gegn

Magnúsi Thorlacius og A/G Weser.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögmanni talið óskýlt að bera vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfélagans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 26. ágúst þ. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í fólgaðomi Reykjavíkur 18. ágúst þ. á., birtan 22. s. m., í máli sóknaraðilja gegn Magnúsi Thorlacius og Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. A/G Weser, en með úrskurði þessum var varnaraðilja Magnúsi Thorlacius talið óskýlt að svara tilteknum spurningum sem vitni í málinu.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur, varnaraðilja Magnúsi Thorlacius dæmt skyld að svara nefndum vitnaspurningum og varnaraðiljum báðum dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili Magnús Thorlacius hefur einn sent greinargerð í málinu og krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar svo og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Fólgaðadómsmálið er höfðað af sóknaraðilja gegn varnaraðiljanum Magnúsi Thorlacius sem ætluðum vörzlumanni eigna A/G Weser, Bremerhaven. Magnús Thorlacius hefur lýst því, að hann hafi að vísu haft í vörzlum sínum fé nefnds hlutafélags, en hann hafi verið búinn að afhenda féð, er kyrrsetningar var krafizt. Af hálfu sóknaraðilja hefur þessari yfirlýsingu Magnúsar Thorlacius, sem er opinber sýslunarmaður, ekki verið hnekkt, og að svo vöxnu máli eru engir réttarhagsmunir fyrir kröfu sóknaraðilja um að Magnús Thorlacius gefi vitnaskýrslu í þessu máli. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljanum Magnúsi Thorlacius kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bjólfur h/f, greiði varnaraðilja Magnúsi Thorlacius kr. 500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1953.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Bjólfs h.f., Seyðisfirði, hafa þær kröfur verið gerðar, að fram fari löghald í inneign, er Weser A/G, Bremerhaven í Þýzkalandi, er talið eiga í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl., hér í bæ, að upphæð kr. 14.892.92, með 6% ársvöxtum frá 28. júní 1952 til greiðsludags, auk alls kostnaðar við löghaldsgerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð. Jafnframt er málssókn þessari og kröfum beint gegn Sigurgeir Sigurjónssyni hrl., hér í bæ, að því leyti sem hann kynni að hafa fjármuni Weser A/G undir höndum.

Magnús Thorlacius hefur krafizt þess, að synjað verði um gerðina, að því er sig varðar, og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér málskostnað. — Sigurgeir Sigurjónsson hefur haft uppi sömu kröfur.

Málsatvik eru þau, að með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 1/1952, Magnús Thorlacius f. h. Weser A/G gegn Bjólfi h/f, var Bjólfi h/f gert að greiða stefnanda £952.7.8 með 6% ársvöxtum frá 17. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað. Hinn 23. og 28. júní 1952 fór fram fjárnám fyrir hluta af kröfum þessum eða kr. 23.000.00, en kr. 31.608.22 voru greiddar í fógetaréttinum. Í september 1952 var togari, eign Bjólfs h/f, kyrrsettur í Hamborg samkvæmt kröfu Weser A/G, þar eð félagið taldi að eftir staði af kröfum, og hlaut Bjólfur h/f að greiða þar á staðnum DM 9.791.67, til þess að leysa skipið úr farbanni.

Samkvæmt yfirliti á rskj. 1, sem er ritað hinn 15. apríl, en barst fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. sama mán., telur Bjólfur h/f, að Weser A/G skuldi sér kr. 14.892.92 og að sú upphæð muni vera í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl. Á þessu stigi máls verður ekki talin ástæða til að fara út í einstaka liði þessa yfirlits.

Fyrir liggur í málinu sem rskj. 7 yfirlitsgerð um viðskipti Bjólfs h/f við Weser A/G og eru nokkrir liðir hennar á annan veg en greinir í rskj. 1. Niðurstaða rskj. 7 hljóðar um 11.640.80 kr. inneign. Skjal þetta er dagsett hinn 7. nóv., 1952. Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að skjal þetta hafi verið samið af Magnúsi Thorlacius hrl. og er því mótmælt sem röngu, að því leyti sem þar er öðru vísi frá skýrt en segir í skjölum gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., ritar Magnúsi Thorlacius hinn 7. febrúar s.l. og kveður gerðarbeiðanda eiga inni hjá honum fé, og muni upphæð þess nokkru hærri en greint hafi verið í rskj. 7, sem hann kveður sér hafa borizt frá Magnúsi. Er þess farið á leit í bréfinu, að inneign gerðarbeiðanda verði greidd, sjá rskj. 8. Erindi þetta er ítrekað með bréfi, dags. 4. marz s.l., sjá rskj. 9, og enn með bréfi, dags. 9. apríl s.l., en þar er greiðslu krafizt, að viðlagðri lögsókn, sjá rskj. 10. — Magnús Thorlacius svarar bréfi þessu hinn 10. apríl s.l. og vísar gerðar-kröfum á bug, sjá rskj. 11.

Í greinargerð, sem fram hefur komið í málinu af hálfu Magnúsar Thorlacius hrl., kveðst hann mæta fyrir sig einan og skýrir svo frá, að hann hafi ekkert umboð til þess að mæta af hálfu Weser A/G. Hann kveðst hafa sagt upp umboði fyrir félagið hinn 29. desember 1952, sbr. bréf á rskj. 15, en hinn 11. apríl s.l. hafi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. tekið við umboði fyrir Weser A/G og tekið við inneign þess hér. Kveðst Magnús og hafa tjáð umboðsmanni gerðarbeiðanda um þetta hinn sama dag. Telur hann málssókn þessari vera beint að sér gegn betri vitund og krefst hann þess, að synjað verði um framgang hennar, að því er hann varði, og enn fremur krefst hann þess, að sér verði úrskurðaður málsskostnaður. Hann hefur og lagt fram sem rskj. 14, endurrit af skilagrein, þar sem Weser A/G er talið eiga inni kr. 26.623.15, og hefur Sigurgeir Sigurjónsson hrl. kvittað fyrir móttöku þeirrar upphæðar með fyrirvara hinn 11. apríl s.l.

Í greinargerð sinni skýrir Sigurgeir Sigurjónsson hrl. svo frá, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni gerðarbeiðanda, að inneign Weser A/G hjá sér nemi ekki nema kr. 8.362.00 og hafi þeim komið ásamt um, að sú upphæð yrði fljótlega innt af hendi til umboðsmanns gerðarbeiðanda. Af þessu hafi þó ekki orðið. Kveðst Sigurgeir hafa greitt til þýzka sendiráðs-ins hér kr. 18.261.15 af því fé, sem hann hinn 11. apríl tók við af Magnúsi Thorlacius. Kveðst Sigurgeir aðeins hafa haft umboð til að taka við fé því, sem Magnús hafði innheimt, og koma því áleiðis til Weser A/G eða umboðsmanna þess.

Í aðiljaskýrslu gerðarbeiðanda er áskilinn allur réttur til að gera Magnús Thorlacius hrl. ábyrgan persónulega í sérstöku máli fyrir allt það tjón, sem það tiltæki hans að afhenda öðrum aðila geymsluféð hafi þegar bakað gerðarbeiðanda eða kunni að baka honum. Er því haldið fram, að þessar athafnir Magnúsar hafi verið gerðar í því skyni að torvelda gerðarbeiðanda innheimtu rétttrar fjárkröfu og fyrir þetta hafi Magnús verið kærður fyrir LMFÍ, þar eð hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem sé ósamboðin manni af stétt hæstaréttarlögmanna. — Enn fremur er áskilinn réttur til málssóknar gegn Sigurgeiri Sigurjónssyni persónulega af sama tilefni.

Magnús Thorlacius hrl. mætti í réttarhaldi hér í fógetaréttinum hinn 7. júlí s.l. Aðspurður lýsti hann því þá yfir, að hann gæti ekki sagt um það, hvort yfirlitið á rskj. 7 sé samhljóða skjali, sem gert hafi verið á skrifstofu hans. Umboðsmaður gerðarbeiðanda skoraði þá á Magnús að

athuga nánar um þetta atriði. Tók Magnús þá fram, að hann hafi ekki látið semja samhljóða skjal og kvaðst ekki mundu sinna ofan nefndri áskorun umboðsmanns gerðarbeiðanda. — Þá var Magnús að því spurður, hvort þær kr. 11.640.80, sem á rskj. 7 er tilgreind sem inneign, hafi að hans áliti verið inneign gerðarbeiðanda hjá Weser A/G pr. 7. nóvember 1952 og kvaðst Magnús ekkert geta sagt um það. Þá skoraði umboðsmaður gerðarbeiðanda á Magnús að rannsaka síðastnefnt atriði nánar í bókum sínum og skjölum og gefa um það fullnægjandi upplýsingar. Magnús kvaðst ekki sinna þessari áskorun með tilvísun til skilagreinarrinnar á rskj. 14, sem hann um leið lýsti yfir, að væri rétt að öllu leyti. Nú óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að Magnús væri að því spurður, hvort hann hafi tilkynnt Weser A/G, að gerðarbeiðandi ætti inni upphæð þá, sem í lok rskj. 7 er nefnd „inneign“, eða aðra upphæð og að slík upphæð væri í hans vörzlum. Lýsti Magnús því yfir, að hann myndi engu svara um þetta atriði. — Þá spurði umboðsmaður gerðarbeiðanda Magnús að því, hvort Weser A/G hafi fallið á, að ofan nefnd inneign eða önnur upphæð yrði greidd sér sem umboðsmanni gerðarbeiðanda og kvaðst Magnús ekki svara þessari spurningu. Þá beindi umboðsmaður gerðarbeiðanda þeirri spurningu til Magnúsar Thorlacius, hversvegna inneignin hafi ekki verið greidd sér sem umboðsmanni gerðarbeiðanda. Magnús kvaðst ekki svara þessari spurningu.

Þegar hér var komið, tók umboðsmaður gerðarbeiðanda fram, að hann teldi Magnús Thorlacius mættan sem vitni í máli þessu og bar fram þau tilmæli við fógeta, að athygli Magnúsar væri vakin á vitnaskyldunni. — Magnús kvaðst ekki líta svo á, að hann væri mættur sem vitni í máli þessu. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bar nú fram þá kröfu, að Magnús yrði með úrskurði fógeta skyldaður til að svara ofangreindum spurningum sem vitni. Var ágreiningur þessi þegar í stað lagður undir úrskurð fógeta.

Eins og áður segir, hefur gerðarbeiðanda verið áskilinn réttur allur til að gera Magnús Thorlacius hrl. persónulega ábyrgan fyrir tjóni því, sem gerðarbeiðandi hafi beðið eða kunni að biða við það, að Magnús skilaði af höndum sér inneign Weser A/G, sem í hans vörzlum var á sínum tíma. Er því og haldið fram, að Magnús hafi gert þetta, að því er séð verði, til þess að torvela gerðarbeiðanda innheimtu rétttrar kröfu. Hafi hann þannig orðið sekur um háttsemi ósamboðna hæstaréttarlögmanni og verið yfir því kært til stjórnar LMFÍ. — Með tilliti til ofanritaðs þykir ekki gerlegt að gera Magnúsi skylt að svara ofan nefndum spurningum sem vitni í máli þessu.

Í réttarhaldi því, sem spurningar þessar voru fram bornar, tók Magnús Thorlacius hrl. fram, að kröfur gerðarbeiðanda gegn honum væru visvítandi rangar og gerði hann þá kröfu, að umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., yrði látinn sæta sektum af þeim sökum. — Ekki þykir ástæða til að taka afstöðu til þessa atriðis á þessu stigi málsins.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregið svo mjög vegna annríkis fógeta.

Því úrskurðast:

Magnúsi Thorlacius hrl. verður ekki gert að svara ofangreindum spurningum sem vitni í máli þessu.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 164/1951. **Lárus Ingimarsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Antoni Ingólfi Arngrímssyni
(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 3. nóvember 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október sama ár, áfrýjað til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 7. febrúar 1951, svo og fjárnámsgerð, er framkvæmd var samkvæmt nefndum dómi hinn 17. ágúst 1951. Krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir bæjarþinginu og í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnunum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt XI. kafla B, 6 gjaldskrár og reglna fyrir Lands-símamann nr. 140/1946 má enginn talsímanotandi lána, leigja eða selja öðrum afnot talsíma, nema með leyfi Landssímans, sbr. nú gjaldskrá og reglur fyrir Landssímamann nr. 41/1950, er hefur að geyma sams konar ákvæði. Er áfrýjandi heimilaði stefnda afnot af síma sínum, nr. 6205, hinn 8. febrúar 1948 í sambandi við sölu verzlunarinnar Goðaborgar, tókst hann á hendur skyldu til að reyna að afla samþykkis Landssímans til